




Skýrsla um starfsemi Kennarasambands Íslands til ársfundar 2010

Ársfundur KÍ
Grand hóteli Reykjavík
16. apríl 2010



EFNI

Stjórn KÍ 2008-2011	1
Starfsemi á skrifstofu KÍ í Kennarahúsinu	1
Þjónustustefna KÍ	4
Lögfræðistörf fyrir KÍ	4
Fundir og erindrekstur	4
Lækkun félagsgjalds	5
Útgáfu- og kynningarmál	5
Kjaramál	6
Kjararáð KÍ 2008 til 2011	
Staðan í samningamálum félaganna – samflot á vinnumarkaði	
Ráðning hagfræðings KÍ	
Efnahagsástandið – stöðugleikasáttmálinn	
Starfsendurhæfingarsjóður	
Skólamál	8
Skólafnfna og starfsáætlun í skóla- og menntamálum	
Skólamálaráð KÍ, framkvæmdastjórn skólamálaráðs	
Lög, reglugerðir og námskrá	
Samstarf og samstarfsaðilar	
Kennaramenntun, símenntun, málefnavinna	
Erlent samstarf um menntamál	
Lokaorð	
Frá þingkjörnum nefndum og ráðum	15
Orlofsjóður	
Sjúkrasjóður	
Vinnudeilusjóður	
Ýmsar nefndir	24
Vinnuumhverfisnefnd	
Jafnréttisnefnd	
Siðaráð	
Erlent samstarf	28
NLS	
Evrópusamstarf og Alþjóðasamband kennara	
Niðurlag	29

STJÓRN KENNASAMBANDSINS 2008-2011

Á árinu 2009 áttu eftirtaldir aðilar sæti í stjórn Kennarasambands Íslands:

Eiríkur Jónsson	formaður	
Elna Katrín Jónsdóttir	varaformaður	
Aðalheiður Steingrimsdóttir	FF	
Björg Bjarnadóttir	FL	
Björk Óttarsdóttir	FL	
Haukur Már Haraldsson	FF	ritari
Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson	SÍ	
Ólafur Loftsson	FG	
Stefán Andrésson	FS	
Sigrún Grendal	FT	
Valgeir Gestsson	FG	
Þórður Á. Hjaltested	FG	gjaldkeri

Stjórnin hefur haldið alls fjórtán reglulega stjórnarfundi frá síðasta ársfundi árið 2009 til febrúarloka 2010. Á stjórnarfundum eru tekin til afgreiðslu öll mál er varða starfsemi Kennarasambandsins.

Eðli málsins samkvæmt hefur mikill tími stjórnar farið í mál sem tengjast afleiðingum efnahagshrunsins en fulltrúar KÍ sátu í mörgum starfshópum sem unnu með stjórnvöldum að málum sem tengjast endurreisn efnahags og atvinnumála. Nánar verður gerð grein fyrir einstaka liðum í þessu starfi undir liðnum um kjaramál.

Ritun fundagerða á stjórnarfundum er sem fyrr í höndum Helga E. Helgasonar. Ekki verður gerð grein fyrir efni stjórnarfunda í skýrslu þessari en í henni er dregið á það helsta í starfsemi sambandsins frá 4. þingi KÍ sem haldið var í apríl 2008.

STARFSEMI Á SKRIFSTOFU KENNASAMBANDSINS Í KENNASAMHÚSINU

Starfsemi á skrifstofu Kennarasambandsins hefur að mestu leyti verið með hefðbundnum hætti frá síðasta þingi. Breytingar sem innleiddar hafa verið í starfseminni á undanförunum misserum hafa nú fest sig í sessi og skiptingin milli þjónustusviðs og félagssviðs gengur mjög vel. Þjónustusamningar hafa verið gerðir milli KÍ og allra sjóða nema Vinnudeilusjóðs en í þeim felst að sjóðirnir ráða sér ekki lengur sérstaka starfsmenn heldur sér starfsfólk KÍ um að vinna þá vinnu sem nauðsynleg er á vettvangi hvers sjóðs fyrir sig. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og er hagkvæmara en gamla kerfið.

Eftirtaldir sinna störfum í Kennarahúsinu fyrir KÍ, aðildarfélög og sjóði miðað við febrúar 2010:

Félagssvið

STARFSMENN KÍ

Eiríkur Jónsson formaður Kennarasambandsins er í fullu starfi og er formaður kjararáðs og sinnir kjara-, félags- og skólamálum. Hann fylgist með starfsemi nefnda Kennarasambandsins auk þess sem hann fylgist með starfi aðildarfélaganna og aðstoðar þau að því leyti sem þurfa þykir hverju sinni. Hann sinnir samskiptum við önnur samtök launafólks, fjölmiðla og aðra þá er Kennarasambandið á samstarf við. Formaður stýrir félagssviði og sinnir auk þess erlendu samstarfi.

Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður Kennarasambandsins og staðgengill formanns. Hún er í fullu starfi og sinnir skóla-, félags og kjaramálum. Elna er formaður skólamálaráðs og talsmaður KÍ í skólamálum. Erlent samstarf, fræðslu- og kynningarmál eru einnig innan hennar verksviðs. Auk þess sinnir hún kjara- og réttindamálum félaga sem semja við ríkið.

Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur KÍ hefur aðsetur í Borgartúni 6. Erna annast öll almenn lögfræðistörf fyrir KÍ, félögin og sjóði.

Kristín Elfa Guðnadóttir útgáfustjóri KÍ ritstýrir Skólavörðunni, vefriti, fréttaflytningi á heimasíðu KÍ, árlegri útgáfu Ferðablaðs og árlegri útgáfu Handbókar kennara. Útgáfustjóri ber enn fremur ábyrgð á og hefur umsjón með annarri útgáfu á vegum KÍ og aðildarféлага svo sem ritstjórn og útgáfu kynningarefnis sem kostað er úr sameiginlegum sjóðum, útgáfu efnis á vegum sjóða KÍ og útgáfu fræðsluefnis. Hún sér um efnisöflun, ritun greina og samskipti við ljósmyndara, hönnuð og prentsmiðju. Útgáfustjóri er áheyrnarfulltrúi á stjórnarfundum KÍ.

Oddur S. Jakobsson hagfræðingur KÍ sinnir hagfræðistörfum fyrir KÍ og aðildarfélögin.

STARFSMENN FÉLAGA

Ólafur Loftsson formaður FG sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara.

Þórður Á. Hjaltsted varaformaður FG sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara.

Sesselja G. Sigurðardóttir sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara.

Aðalheiður Steingrímsdóttir formaður FF sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara.

Anna María Gunnarsdóttir sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara.

Jón Ingi Einarsson er starfsmaður Skólastjórufélagsins.

Hafþís D. Guðmundsdóttir er starfsmaður Félags tónlistarskólakennara í 40% starfi og sinnir auk þess 40% starfi fyrir vinnuumhverfisnefnd KÍ.

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir formaður FT sinnir störfum fyrir Félag tónlistarskólakennara og er í hlutastarfi.

Björg Bjarnadóttir formaður FL sinnir störfum fyrir Félag leikskólakennara.

Ingibjörg Kristleifsdóttir varaformaður FL sinnir störfum fyrir Félag leikskólakennara.

Þorgerður Diðriksdóttir formaður KFR sinnir störfum fyrir FG í hlutastarfi.

Þjónustusvið

STARFSMENN KÍ

Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ sér um daglegan rekstur skrifstofu, starfsmannahald, hefur umsjón með eignum sambandsins, fjármálum og rekstri. Skrifstofustjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt samkvæmt sérstakri samþykkt stjórnar. Skrifstofustjóri stýrir þjónustusviði.

Ásta St. Eiríksdóttir fulltrúi sér um innheimtu félags- og sjóðagjalda og hefur samskipti við launagreiðendur vegna þess. Frá hausti 2007 hefur Ásta verið gjaldkeri sjóða auk þess að vinna að undirbúningi nýs innheimtukerfis í samvinnu við BYR sparisjóð og DK hugbúnaðarfyrtækið.

Hrönn Steingrímsdóttir er móttökuritari og annast móttöku, símsvörun og umsýslu á pósti auk daglegra starfa er til falla á skrifstofu KÍ.

Hanna Dóra Þórisdóttir er framkvæmdastjóri Orlofssjóðs og sér um allan daglegan rekstur og fjármál sjóðsins.

Ingunn Þorleifsdóttir sinnir ræstingum í Kennarahúsinu.

Ingibjörg Úlfarsdóttir launafulltrúi sér um að svara erindum sem berast og varða launa- og réttindamál. Þau mál sem þarfnast frekari vinnslu sendir hún áfram til formanns viðkomandi félags eða formanns KÍ til frekari skoðunar.

María Norðdahl er starfsmaður Sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóða. Hún tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

Ragnheiður Ármannsdóttir er starfsmaður Orlofssjóðs í hlutastarfi.

Ragnhildur S. Björnsdóttir er vef- og skjalastjóri KÍ. Hún sér um vef KÍ ásamt rafrænni mála- og skjalastjórnun.

Sigríður Sveinsdóttir er í hlutastarfi og hefur umsjón með félagatali Kennarasambandsins og sinnir verkefnum fyrir aðildar- og sérfélögin sem tengjast félagaskránni.

Sigrún Harðardóttir er starfsmaður Sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóða. Hún tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

Stella Kristinsdóttir er í hlutastarfi og sér um matseld í hádegi. Auk þess sér Stella um sölu auglýsinga í Skólavörðuna.

FRÁ SÍÐASTA ÁRSFUNDI Hafa eftirtaldir látid af störfum í Kennarahúsinu:

Sigurlína S. Kristjánsdóttir en hún lést þann 2. apríl 2009.

Erla Halldórsdóttir móttökuritari vann hjá KÍ frá hausti 2009 og hvarf til annarra starfa í febrúar 2010.

NÝR STARFSMAÐUR Í KENNARAHÚSINU FRÁ SÍÐASTA ÁRSFUNDI:

Hrönn Steingrímsdóttir móttökuritari.

ÞJÓNUSTUSTEFNA KÍ

Á þingi KÍ í apríl 2008 var gerð eftirfarandi samþykkt um þjónustustefnu KÍ:

Þjónustustefna

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 felur stjórn KÍ að móta þjónustustefnu fyrir Kennarasamband Íslands og Kennarahúsið. Í þjónustustefnu verði tillögur ParX og ákvarðanir stjórnar í framhaldi af þeim útfærðar nánar og settar upp með skýrum hætti. Þingið leggur áherslu á að með þessu móti verði til skýr rammi um þá þjónustu sem KÍ, félögin og sjóðirnir veita. Í þjónustustefnu skal koma fram hvaða þjónusta er í boði varðandi hvern þátt í starfsemi, hvar hægt er að nálgast upplýsingar um þjónustuna.

Þjónustustefnan var unnin af Hannesi Þorsteinssyni, Þórði Á. Hjaltsted, Ingibjörgu Úlfarsdóttur og Ragnhildi Björnsdóttur. Hún var lögð fram til staðfestingar í stjórn KÍ í apríl 2010.

LÖGFRÆÐISTÖRF FYRIR KÍ

Lögfræðingar

Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur er í fullu starfi fyrir KÍ og BHM. Aðalstarfsstöð hennar er í húsnæði BHM í Borgartúni 6. Starfshlutfall skiptist jafnt milli samtakanna. Erna hefur sinnt fjölbreyttum lögfræðistöfum fyrir KÍ og félögin frá því hún hóf störf á þeim vettvangi. Auk Ernu hafa lögmansstofurnar Lögmenn Mörkinni og Löggarður unnið lögfræðistörf fyrir KÍ. Með því að hafa í senn reyndan lögfræðing í föstu starfi og um leið aðgang að öðrum reyndum lögmönnum getur KÍ tryggt félagsmönnum sínum þá bestu þjónustu sem í boði er á þessu sviði.

FUNDIR OG ERINDREKSTUR

Erindrekstur

Félög innan Kennarasambandsins hafa lagt metnað sinn í að sinna öflugri fræðslu- og kynningarstarfi. Í því sambandi nægir að nefna trúnaðarmannafundi, námskeið og skólaheimsóknir en allir þessir þættir eru fastir liðir í starfsemi félaganna. Unnið er að skipulögðu fræðslustarfi fyrir alla trúnaðarmenn (eða, eftir atvikum, félagsmenn á hverju svæði) vegna málefna sem varða öll aðildarfélög og þegar þetta er ritað eru nýafstaðnir sameiginlegir trúnaðarmannafundir sem haldnir voru víðs vegar um landið í marsmánuði 2010.

LÆKKUN FÉLAGSGJALDS

Félagsgjald

Stjórn Vinnudeilusjóðs ákvað á síðasta ári að fella niður greiðslur félagsmanna í sjóðinn frá og með janúar 2010 fram að þingi KÍ árið 2011. Þessi ákvörðun leiddi til þess að félagsgjald lækkaði úr 1.55% niður í 1,1%. Stjórn KÍ ákvað svo að auka við lækkunina með því að lækka hið raunverulega félagsgjald niður í 1% af dagvinnulaunum. Þessi ákvörðun kom einnig til framkvæmda 1. janúar 2010. Markmiðið með þessu er að létta byrðar félagsmanna með hliðsjón af þeirri kaupmáttarrýrnun sem að undanförunu hefur átt sér stað.

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

Útgáfa

Útgáfa KÍ var með hefðbundnu sniði á árinu 2009 og komu út átta tölublöð af Skólavörðunni auk Handbókar KÍ. Ritstjórn Skólavörðunnar (sem nefnist nú Útgáfustjórn KÍ) fundaði sjö sinnum á árinu 2009. Í henni sátu Auður Hrólfsdóttir, Guðlaug Guðsteinsdóttir, Gunnur Árnadóttir, Kristín Elfa Guðnadóttir, Ólöf Una Jónsdóttir, Sigríður Snjólaug Vernharðsdóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir og Sveinlaug Sigurðardóttir. Þær breytingar urðu um áramótin 2009/2010 að Auður Hrólfsdóttir hvarf úr stjórn og við sæti hennar tók Margrét Árný Sigursteinsdóttir.

Í samræmi við samþykktir fjórða þings KÍ um útgáfu- og kynningarmál var unnið af krafti að móttöku á sviðinu og nú liggja fyrir breytingar á útgáfu KÍ og á starfi Kristínar Elfu Guðnadóttur, ritstjóra Skólavörðunnar, sem tók við nýju starfi útgáfustjóra KÍ 1. janúar 2010. Upplýsingar um stöðu í útgáfumálum sem unnar voru á grundvelli þessa undirbúnings voru lagðar fyrir stjórnarfund KÍ 19. febrúar 2010 og útgáfudagatal fyrir stjórnarfund 19. mars. Þær breytingar sem orðið hafa frá fjórða þingi 2008 og fram til ársfundar KÍ 2010 eru fyrst og fremst eftirfarandi:

Skólavörðan verður hér eftir gefin út fjórum sinnum á ári og fyrsta blaðið með nýju sniði kemur út 17. maí nk. Alls verða tölublöð á þessu ári fimm talsins.

Nýtt rafrænt fréttabréf KÍ, *Eplið*, hóf göngu sína í apríl og var sent öllum félagsmönnum.

Ferðablað KÍ kom út 17. mars í talsvert breyttri mynd og hlaut góðar viðtökur.

Handbók kennara verður með svipuðu sniði, útgáfudagur er 28. maí. Handbók er dreift að vori og í upphafi haustanna.

Ýmis stök verkefni á sviði útgáfu- og kynningarmála eru í vinnslu og öðrum er lokið. Má þar nefna gerð veggspjalds og segla með síðareglum KÍ, prentun á möppum, auglýsingar vegna ýmissa viðburða ásamt gerð kynningar- og fræðsluefnisefnis vegna 1. maí, sveitarstjórnarkosninga og fleiri viðburða.

Fyrirhuguð er *útgáfa smárita KÍ* um ýmis málefni og munu fyrstu tillögur þar að lútandi liggja fyrir á árinu.

Á árinu 2009 var leitað hagstæðustu tilboða í prentverki og hönnun. Hagkvæmni var höfð að leiðarljósi í samræmi við samþykktir fjórða þings KÍ. Framundan er efling útgáfu sem getur verið kostnaðarsöm en hafa ber í huga að frumhönnun nýrra miðla felur í sér stofnkostnað en ekki regluleg útgjöld. Ágætt samkomulag hefur náðst við Ísafoldarprentsmiðju sem veitir Kennarasambandinu góðan afslátt á prentverki í samræmi við aukinn verkefnafjölda. Enn er þó einnig leitað tilboða annars staðar þar sem verð á pappír, prentvörum og tækjum geta tekið örum breytingum. Ragnhildur Sigrún Björnsdóttir og Kristín Elfa Guðnadóttir hófu árið 2009 vinnu að innihalds- og skipulagsumbótum á heimasíðu KÍ í samstarfi við Elnu Katrínu Jónsdóttur og Ólaf Loftsson en þau tvö síðarnefndu hafa haft umsjón með breytingum á útgáfumálum. Einnig hefur verið unnið að nýjum innri vef í samráði við utanaðkomandi tölvusérfræðinga en fyrirhugað er að hver félagsmaður fái sitt eigið svæði á vef KÍ fyrir árslok 2010.

Kennarasambandið er áfram aðili að Netlu – vef tímariti um uppeldi og menntun. Fulltrúi sambandsins í ritstjórn Netlu er Kristín Elfa Guðnadóttir.

KJARAMÁL

Kjararáð Kennarasambands Íslands hefur haldið fjóra fundi frá síðasta ársfundi til febrúar 2010. Enn fremur hafa fulltrúar í kjararáði setið fundi með stjórn KÍ þar sem fjallað er um kjaramál. Í kjararáði sitja, auk formanns og varaformanns KÍ, formenn félaga og einn fulltrúi að auki frá hverju félagi. Einnig sitja í ráðinu tveir fulltrúar félags kennara á eftirlaunum.

Kjararáð KÍ 2008 til 2011

Eiríkur Jónsson	KÍ
Elna Katrín Jónsdóttir	KÍ
Aðalheiður Steingrímsdóttir	FF
Ægir Sigurðsson	FF
Björg Bjarnadóttir	FL
Marta Sigurðardóttir	FL
Ólafur Loftsson	FG
Sigurjón Magnússon	FG
Sigrún Grendal	FT
Júlíana Rún Indriðadóttir	FT
Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson	SÍ
Þórður Kristjánsson	SÍ
Guðmundur Guðlaugsson	FS
Stefán Andrésson	FS

Bryndís Steinþórsdóttir
Margrét Schram

FKE
FKE

STAÐAN Í SAMNINGAMÁLUM AÐILDARFÉLAGA - SAMFLOT Á VINNUMARKAÐI

Samflot

Öll félög innan KÍ gerðu kjarasamninga á árinu 2008. Allir þessir samningar eru nú útrunnir og enginn þeirra hefur verið framlengdur með breytingum nema samningur framhaldsskóla. Ekki hefur tekist að ná samningum við Launanefnd sveitarfélaga fyrir hönd tónlistar-, grunn- eða leikskóla.

RÁÐNING HAGFRÆÐINGS KÍ

Hagfræðingur

Stjórn Kennarasambands Íslands auglýsti laust til umsóknar starf hagfræðings í októbermánuði 2009. Umsóknir um stöðuna voru fimmtán og tók stjórn þá ákvörðun að ráðinn yrði Oddur S. Jakobsson og hóf hann störf hjá KÍ síðastliðin áramót. Oddur er í 100% starfi og sinnir jafnt KÍ sem aðildarfélagunum.

EFNAHAGSÁSTANDIÐ - STÖÐUGLEIKASÁTTMÁLI

Eins og fram kom í skýrslu til árfundar KÍ 2009 varð sambandið ekki fyrir miklu fjárhagslegu tjóni vegna falls bankanna. Þetta stafar af því að fjárfestingastefna sambandsins hefur verið mjög varfærin. Ljóst er hins vegar að margir hafa farið mjög illa út úr fjármálahruninu og eru félagsmenn KÍ þar engin undantekning.

Stöðugleikasáttmáli

Ásamt öðrum stórum launþegasamtökum landsins tók Kennarasambandið þátt í gerð svokallaðs stöðugleikasáttmála. Sáttmálinn fjallar líkt og flestir þekkja um leiðir til að endurreisa efnahags og atvinnulífið í landinu. Þrátt fyrir að sáttmálinn hafi verið undirritaður í júní er enn langt í land með að einstaka liðir hans hafi náð fram að ganga. Annars vegar hefur ekki tekist að ljúka kjarasamningum nema hjá hluta þeirra sem aðild áttu að sáttmálanum og hins vegar hefur gengið mun hægar en ætlað var að koma atvinnulífinu í gang að nýju og má að verulegu leyti rekja það til þeirra tafa sem orðið hafa á frágangi ICESAVE málsin. Einnig er ljóst að vaxtamál og gengishöft hafa þróast með öðrum hætti en menn vonuðu þegar sáttmálinn var gerður.

STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Eins og fram kom í ársskýrslu fyrir árið 2008 hefur Kennarasamband Íslands gerst aðili að starfsendurhæfingarsjóðnum VIRK en meginhlutverk hans er að stuðla að aukinni og

Starfsendurhæfing

bættri starfsendurhæfingu og auðvelda fólki sem missir starfsorku að snúa aftur út á vinnumarkaðinn. Nú hefur verið ráðinn sérstakur ráðgjafi, Margrét Gunnarsdóttir, sem starfar fyrir KÍ, BHM og SSF og er hún til húsa í Borgartúni 6 í Reykjavík. Margrét sinnir ráðgjöf á höfuðborgarsvæðinu en er einnig í sambandi við ráðgjafa um allt land sem sinna ráðgjöf við félagsmenn stéttarféлага að Kennarasambandi Íslands meðtöldu. Starfsendurhæfingarsjóður starfar í nánú sambandi við sjúkrasjóði stéttarféлага og þeirra á meðal er Sjúkrasjóður KÍ.

Í STOFNSKRÁ SJÓÐSINS SEGIR UM VERKEFNI HANS OG HLUTVERK:

3. gr.

Verkefni og hlutverk

Fjármunum Starfsendurhæfingarsjóðs skal ráðstafað í eftirtalin verkefni hans og hlutverk:

- Að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist,
- að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir, m.a. með samstarfi um forvarnir á vinnustöðum,
- að skipuleggja og hafa umsjón með störfum ráðgjafa sem verða aðallega á vegum sjúkrasjóða eða fjölskyldu- og styrktarsjóða stéttarfélaganna og greiða kostnaðinn af störfum þeirra,
- að semja við fagaðila um ráðgjöf við einstaklinga um endurhæfingaráætlun og greiða kostnaðinn af þeirri ráðgjöf,
- að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinni almennu heilbrigðisþjónustu,
- að byggja starfsemi sína á samstarfi einstaklinganna sem í hlut eiga, fyrirtækjanna sem þeir vinna hjá, stéttarfélaganna, ráðgjafanna, fagaðila og heilbrigðisþjónustunnar,
- að vinna að gagnaöflun, rannsóknum og þróun endurhæfingar og tryggja að framkvæmd þeirra verði sem árangursríkust,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem falla að markmiðum og hlutverki sjóðsins.

SKÓLAMÁL

Skýrsla um starfsemi KÍ á sviði skóla- og menntamála og um starfsemi skólamálaráðs 2009-2010

SKÓLASTEFNA OG STARFSÁÆTLUN Í SKÓLA- OG MENNTAMÁLUM

Meginviðfangsefni hvers kjörtímabils er að koma skólastefnu KÍ og öðrum samþykktum um skóla- og menntamál til framkvæmdar. Viðfangsefnin skiptast á milli skólamálanefnda og

Skólastefna

sameiginlegs vettvangs, þ.e. skólamálaráðs. Leiðarljós, langtímamarkmið og samtímaviðfangsefni í starfinu má helst telja þessi:

1. Gera skóla- og menntamál að meira áberandi þætti í starfsemi og ímynd KÍ og auka forystuhlutverk KÍ í skóla- og menntamálum.
2. Efla starf skólamálanefnda félaga og skólamálaráðs og fylgja skólastefnu KÍ eftir.
3. Halda utan um stærra viðfangsefni á sviði skóla- og menntamála svo sem framkvæmd laga um skólastigin, um kennaramenntun og um málefni háskóla.
4. Efla sameiginlega þekkingu á breytinga- og þróunarstarfi í leik-, grunn-, tónlistar og framhaldsskólum og miðla henni eftir föngum meðal félagsmanna KÍ.
5. Leita leiða til að tengja KÍ betur við starf háskóla og rannsóknir.
6. Auka þekkingu innan KÍ á skóla- og menntamálum í helstu samstarfslöndum, efla þátttöku KÍ í samevrópskri menntamálaumræðu og fylgjast með faglegri umræðu EI, Alþjóðasambands kennara.

Skólastefnan og aðrar samþykktir 4. þings KÍ hafa verið gefnar út í bæklingi sem er einnig aðgengilegur á heimasíðu KÍ. Leiðarljós í starfinu 2009-2010 hafa verið þessi:

- Lög um menntun og skólastarf – hvernig höfum við áhrif?
- Starf með ýmsum aðilum innanlands í nefndum og ráðum, þing og ráðstefnur um skóla- og menntamál svo og um kennaramenntun.
- Tengsl við rannsóknir og fræðastarf
- Símenntun félagsmanna KÍ – á að móta sameiginlega stefnu?
- Evrópumenntamál

Efni um skóla- og menntamál og starfsemi skólamálaráðs KÍ á heimasíðu sambandsins, hefur verið aukið og endurskipulagt í samvinnu við vefstjóra og útgáfustjóra. Er það liður í að auka vægi heimasíðunnar í starfseminni.

SKÓLAMÁLARÁÐ KÍ, FRAMKVÆMDASTJÓRN SKÓLAMÁLARÁÐS

Hlutverk skólamálaráðs er skilgreint í 30. grein laga sambandsins en hlutverk skólamálanefnda aðildarféлага í 29. grein. Skólamálanefndir mynda í sameiningu skólamálaráð. Formaður ráðsins, sem skipaður er af stjórn KÍ, og formenn skólamálanefnda aðildarféлага mynda framkvæmdastjórn skólamálaráðs.

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs 2008-2011 skipa:

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður KÍ, formaður.

Anna María Gunnarsdóttir, skólamálanefnd FF.

Alda Agnes Sveinsdóttir, skólamálanefnd FL.

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólamálanefnd SÍ.

Þórður Hjaltsted, skólamálanefnd FG.
Steinunn Inga Óttarsdóttir, FS.

FT hefur ekki skipað fulltrúa í skólamálaráð en formaður FT, er tengiliður við framkvæmdastjórnina. Fulltrúaskipti urðu á árinu þessi: Inga María Friðriksdóttir tók við sæti Kristínar Jónsdóttur f.h. FG en vék nokkru síðar úr framkvæmdastjórn að eigin ósk vegna persónulegra aðstæðna og Þórður Hjaltsted tók þá sæti í framkvæmdastjórn. Formaður skólamálaráðs fer með yfirumsjón skóla- og menntamála af hálfu KÍ.

FUNDIR OG VIÐFANGSEFNI 2009 - 2010

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs heldur fundi mánaðarlega og fjallar þar um fyrirbyggjandi erindi og um mál er lúta að skólastefnu og starfsáætlun. Níu fundir hafa verið haldnir frá ársfundi KÍ 2009.

Helstu verkefni á árinu hafa verið þessi:

- Framkvæmd skólastefnu KÍ ásamt mótun starfsemi og starfshátta skólamálaráðs
- Samráð um reglugerðir, námskrárvinnu og lagaframkvæmdir í tengslum við skólastig og kennaramenntun.
- Starf í nýrri nefnd ásamt HÍ/Menntavísindasviði um kennaramenntun og kennarastarfið.
- Stefnumótun og umræða um málefni símenntunar.
- Árlegt rannsóknamállþing HÍ/Menntavísindasviðs í október 2009.
- Evrópumenntamál, fundir á vettvangi EI/ETUCE og skólamálaumræða innan NLS.
- Mótun samstarfs skólamálaráðs KÍ og SÍS um skólamál
- Umfjöllun um TALIS.
- Tveir fundir skólamálaráðs, annars vegar fræðslufundur en hins vegar fundur um nýlegar rannsóknir og niðurstöður þeirra.
- Undirbúningur fjölmiðlaefnis um skóla- og menntamál vegna kosninga í vor.
- Undirbúningur ársfundar KÍ.

Fræðsla

Framkvæmdastjórn undirbjó og hélt tvo fundi í sameinuðu skólamálaráði í vetur, annan í október 2009 en hinn í janúar sl. Fyrri fundurinn var fræðslufundur um starfsemi KÍ og aðildarfélaga í skóla- og menntamálum, helstu samstarfsaðila og efni samstarfsins. Þar voru haldin erindi um skólastefnu KÍ, útgáfumál og endurmenntunarsjóði, um skólastigalögin og álitamál varðandi framkvæmd þeirra, um almenna reglugerðavinnu og framkvæmd kennaramenntunarlaga, störf matsnefndar/leyfisbréfanefndar og um starfsemi nýstofnaðs Sprotasjóðs.

Síðari fundurinn var haldinn 27. janúar sl. og þar var fjallað um nýlegar rannsóknir. Gerður G. Óskarsdóttir greindi frá niðurstöðum rannsóknar sinnar á skilum leik- og grunnskóla annars vegar og skilum grunn- og framhaldsskóla hins vegar. Markmið rannsóknarinnar er

Rannsóknir

að varpa ljósi á menntun barna og unglunga á þessum skilum. Umfangsmikil gagnasöfnun átti sér stað í tengslum við rannsóknina. Vettvangsathuganir fóru fram innan þrjátíu skóla í Reykjavík og stóðu yfir í fjörutíu og fjóra skóladaga. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við HÍ veitti andsvör og innleiddi samræðu á fundinum um efni rannsóknarinnar. Dr. Jón Hrólfur Sigurjónsson og Sigurjón Mýrdal fjölluðu um rannsókn Anne Bamford á list- og menningarfræðslu á Íslandi sem fram fór 2008-2009. Rannsóknin er ein sú víðamesta sinnar tegundar sem fram hefur farið á Íslandi og fyrirhugað er að nýta niðurstöður hennar við stefnumörkun og námskráargerð. Dr. Hafðís Ingvarsdóttir fjallaði um reynslu kennara af fyrsta ári í kennslu. Hún kynnti helstu niðurstöður í erlendum og innlendum rannsóknum þar að lútandi og fjallaði auk þess um nýja rannsókn sem hún gerði á reynslu framhaldsskólakennara á fyrsta ári í kennslu. Fjörugar umræður fóru fram á fundinum og var gerður mjög góður rómur að efni hans.

LÖG, REGLUGERÐIR OG NÁMSKRÁR

Vinna við útfærslu og framkvæmd menntalaganna svokölluðu sem tóku gildi vorið 2008, þ.e. laga um leik-, grunn-, og framhaldsskóla ásamt kennaramenntun, stendur enn yfir. Í þeirri vinnu felst meðal annars að semja og gefa út reglugerðir í tengslum við einstakar greinar laganna, vinna við námskrár og ýmisleg skipulags- og þróunarvinna menntamálaráðuneytis. Kreppa og niðurskurður í menntakerfinu hefur vafalítið haft áhrif á framkvæmdina allt frá vetrinum 2008. Ný lög um framhaldsskóla og kostnaðaraukandi áhrif þeirra eru hér fyrirferðarmest en víst má þó telja að minna fari fyrir framkvæmd ýmissa umbóta- og framfaramála í nýjum lögum um leik- og grunnskóla en ætlað var á vordögum 2008 þegar Alþingi samþykkti lögin.

Menntalög frá 2008

KÍ hefur miklar áhyggjur af því að lítið muni fara fyrir eftirfylgni áherslna í skólastigalögnum um að draga úr skilum milli skólastiga, meðal annars með því að greiða fyrir tækifærum nemenda til þess að stunda nám sitt á breytilegum námshraða (svo sem með því að taka áfanga á framhaldsskólastigi samhliða grunnskólanámi sínu). Annað dæmi er lögbundin og aukin ábyrgð stjórnvalda á skólagöngu framhaldsskólanema allt að 18 ára aldri, svokallað fræðsluskylduákvæði, og efni því tengt - svo sem aðgerðir til að auka fjölbreytni náms og námsframboðs og ráðstafanir til þess að draga úr brottfalli. KÍ hefur enn fremur miklar áhyggjur af því að kreppa og niðurskurður leiði til þess að lítið verði úr áherslum skólastigalaga á að auka velferð nemenda og bæta þjónustu við þá - ekki síst þá er standa höllum fæti.

Námskráargerð

Staða námskráargerðar er þannig að menntamálaráðuneytið er búið að skipa í þrjár ritnefndir, eina fyrir aðalnámskrá hvers skólastigs. Jafnframt er unnið að sameiginlegum inngangi aðalnámskráanna þriggja þar sem fjallað er almennt um hlutverk námskráa, menntastefnu og gæðamál. Í honum verður aðallega byggt á greiningu á markmiðsgreinum

Námskrár

laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, og einnig greiningu á þeim grunnþáttum sem menntamálaráðherra leggur sérstaka áherslu á við innleiðingu nýrra laga. Þá hafa ýmis erlend gögn verið skoðuð í þessu sambandi, einkum um stefnumörkun Evrópusambandsins í menntamálum. Ritnefndir munu taka upp þráðinn frá síðasta sumri í námskrágerðinni en þá unnu „innanhússhópar“ að endurskoðun gildandi námskráa og skiluðu drögum að texta aðalnámskrár fyrir skólastigin þrjú. Gert er ráð fyrir að ritnefndir byggi talsvert á þessum drögum og fullvinni ný námskrádrög í anda nýrrar menntastefnu og hugmynda í inngangskafla. Stefnt er að því að ný drög að aðalnámskrá verði aðgengileg á vef og tilbúin til kynningar á fundum og ráðstefnum frá og með maí 2010. Nýjar aðalnámskrár gætu þannig verið tilbúnar til útgáfu í kringum áramótin 2010/11. Stefnt er að vissu samræmi í námskrám skólastiga en ekki er víst að þær verði allar gefnar út samtímis.

Frumvarp um breytingu á lögum nr. 92/2008

Á meðan á vinnu við skýrslu til ársfundar KÍ stóð kom fram frumvarp um breytingu og aðallega frestun tiltekinna atriða í framhaldsskólalögum. Þar ber helst að telja frestun á fjölgun vinnudaga nemenda samkvæmt 15. gr. úr 175 í 180 daga og framlengingu á fresti framhaldsskóla til þess að setja sér námsbrautarlýsingar samkvæmt bráðabirgðaákvæði I. Dagafjöldi verður því óbreyttur samkvæmt 15. gr. og gefin sú skýring að fjölgun hefði leitt til kostnaðarauka vegna breytinga á kjarasamningi framhaldsskóla. Fresturinn í bráðabirgðaákvæði I er lengdur til 1. ágúst 2015 svo draga megi úr útgjöldum. Minna má á að áður höfðu gjaldtökuheimildir samkvæmt 45. grein verið rýmkaðar og ekkert fjármagn hefur enn verið veitt á fjárlögum til þess að mæta kostnaði nemenda við námsgögn á grundvelli 51. gr. laganna.

Reglugerðir við menntalögin

Reglugerðir hafa verið að koma út smátt og smátt frá setningu laganna. Nokkurra reglugerða er beðið með talsverðri óþreyju og má þar helst nefna: Reglugerð um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla sem er sameiginleg samkvæmt lögum skólastiganna, reglugerð um ábyrgð nemenda og reglugerð um nemendur með sérþarfir – báðar síðartöldu eiga við grunnskólalögin. Reglugerðar um starfssvið starfsmanna framhaldsskóla er beðið sem og reglugerðar um viðurkenningu framhaldsskóla (reglugerð um einkarekna framhaldsskóla). Sama gildir um reglugerð um námsorlof framhaldsskólakennara og reglugerð um innra og ytra mat.

Í lögum um leikskóla er að finna heimildarákvæði til að setja reglugerð um starfslið leikskóla sem ekki hefur verið nýtt og sama gildir um reglugerð varðandi skipan skólaráðs í framhaldsskóla.

Nokkur atriði í lögum um skólastig eiga efnislega og/eða í framkvæmd við fleiri en eitt skólastig. Reglugerð um Sprotasjóð er ein slík. Sjóðurinn hefur tekið til starfa og fór fyrsta úthlutun úr sjóðnum fram í desember 2009.

Reglugerðir

Ný lög um kennaramenntun og framkvæmd þeirra

Reglugerð um störf matsnefndar á grundvelli 7. gr. laganna kom út sumarið 2009 og ný matsnefnd tók til starfa um haustið en hún fjallar um umsóknir um leyfisbréf á skólastigunum þremur. KÍ á tvo fulltrúa í nefndinni, SÍS einn og háskólastigið einn en menntamálaráðuneytið leggur til formann. Reglugerð um inntak kennaramenntunar samkvæmt 8. gr. laganna hefur verið gefin út en hennar hafði verið beðið með nokkurri óþreyju enda erfitt að skipuleggja nýja kennaramenntun án stoðar í henni. Komið hefur upp ágreiningur um hluta reglugerðarinnar, þ.e. skilyrði um að til jafnaðar séu 60 ECTS teknar á meistarastigi (eitt fullt háskólaár) af tilskilinni 180 ECTS eininga sérhæfingu framhaldsskólakennara í kennslugrein. Þetta þykir skerða nokkuð valfrelsi til þess að setja nám saman með mismunandi hætti að teknu tilliti til skilyrða um sérhæfingu og náms í kennarafræðum.

SAMSTARF OG SAMSTARFSADILAR

Samstarf við menntamálaráðuneyti

Samstarf við menntamálaráðuneytið er eðli málsins samkvæmt umfangsmikið og samanstandur af fjölda fastra nefnda sem byggja á lögum um skólastigin og ýmsu tímabundnu samstarfi, fundum og vinnuhópum. Þeir tengjast ritun og þróun námskrár, menntunarmálum kennara, samspili kjarasamninga og faglegra málefna, ráðstefnum og öðru samráði.

Samstarf við háskóla

Samstarf við háskóla fer stundum fram í fjölskipuðu samráði svo sem um málefni kennaramenntunar og símenntunar. Fasta punkta í samstarfinu er einkum að finna í samstarfi við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið. KÍ hefur um árabíl tekið þátt í undirbúningi rannsóknamálfings HÍ/M sem haldið er á hverju hausti og sömu aðilar hafa nú hafið samstarf í samráðsnefnd um málefni kennaramenntunar og kennarastarfsins. Fulltrúar hennar eru þessir: Af hálfu HÍ, Anna Kristín Sigurðardóttir, Hafdís Ingvarsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson. Af hálfu KÍ, Björg Bjarnadóttir, Elna Katrín Jónsdóttir, Þóður Hjaltested og til vara Guðlaug Erla Gunnarsdóttir.

Hlutverk og verksvið nefndarinnar er í meginatriðum:

1. Að efla kennaramenntun og kennarastarf.
2. Að taka þátt í stefnumótun um kennaramenntun á hverjum tíma, ræða m.a. um breytingar á lögum og reglugerðum um kennaramenntun og skyld mál, fjalla um skipulag og úrbætur og eiga frumkvæði að umræðu um nýjungar.
3. Að tryggja gagnkvæmt flæði upplýsinga milli félagsmanna KÍ og menntastofnana félagsmanna og sinna fræðslu- og kynningarverkefnum er því tengjast.

Nefndin hefur rætt eftirfarandi mál: Vinnu HÍ að skipulagningu og ákvörðunum um inntak nýrrar kennaramenntunar í skólanum, hlut vettvangsnáms í kennaramenntun (lagt hefur

verið til að auka það í 20% af námstíma) og nýja þætti í kennaramenntun, tengsl KÍ/félaga við samninga HÍ við skóla um vettvangsnám, símenntun félagsmanna KÍ, aðgang starfandi kennara að framhaldsnámi og leiðir til að fjölga leikskólakennurum í leikskólum.

Samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga

Samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga á sviði skóla- og menntamála hefur aukist og má þar nefna fundi framkvæmdastjórnar skólamálaráðs með skólamálanefnd SÍS, samstarf við fræðslufulltrúa SÍS og sérstakt samstarf um að koma rannsóknaniðurstöðum á framfæri í grunnskólum – með áherslu á niðurstöður nýlegrar könnunar um símenntunarmál. Enn fremur má minna á stórt samstarfsverkefni FG og SÍ með SÍS um framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til 2020.

KENNARAMENNTUN, SÍMENNTUN, MÁLEFNAVINNA

Kennaramenntun

Lokið var vinnu framkvæmdastjórnar skólamálaráðs við að draga saman efni um símenntun félagsmanna KÍ. Fjallað var um aðgang að símenntun, framboð, fjárveitingar og fyrirkomulag ásamt þátttöku félagsmanna KÍ og/eða samtaka þeirra í stefnumótun símenntunar. Áframhaldandi vinna verður tengd samstarfi KÍ við HÍ/Menntavísindasvið og ef til vill fleiri kennaramenntunarstofnanir. Hvati að verkefninu er mikil umræða um þýðingu símenntunar fyrir kennara og aðrar fagstéttir og sú staðreynd að mörg Evrópulönd, þar með talið Ísland, þykja standa sig frekar illa í veitingu fjármuna til símenntunar kennara. Fulltrúar KÍ hafa á tímabilinu enn fremur starfað ásamt fleirum í nefnd sem menntamálaráðherra skipaði til þess að fara yfir málefni símenntunar og gera tillögur til framtíðar. Lokaskýrsla hennar er ekki komin út þó starfi hennar sé lokið fyrir nokkru. KÍ leggur áherslu á að taka aftur upp samræður við HÍ/Menntavísindasvið um fyrirkomulag og stefnumörkun í starfsemi innan HÍ sem snýr að símenntun kennara og skólastjórnenda. Sú umræða hófst árið 2008 en hefur legið í láginni um hríð.

ERLENT SAMSTARF UM MENNTAMÁL

Samstarf á erlendra grund

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs fylgist með þátttöku KÍ í starfi samnorrænu kennarasamtakanna NLS í því skyni að veita áhrifum samnorrænnar skólamálaumræðu inn í stefnumörkun og vinnu KÍ í skólamálum. Tveir fundir á ári eru haldnir í hverri skólastigadeild NLS og tveir stjórnarfundir auk námskeiða um fagleg málefni. Norræn kennarafélög í NLS samræma auk þess oft en ekki stefnu sína og framgöngu á vettvangi Evrópusamstarfs kennarasamtaka.

Ekki síst er fjallað um samevrópska stefnumótun með þátttöku í starfi Alþjóðasambands kennara (Education International) og ETUCE. Evrópskar/alþjóðlegar kannanir og rannsóknir eru ræddar. Þar má helstar nefna *Pisa* rannsókn á stöðu og færni nemenda á tilteknum sviðum sem er framkvæmd reglulega og *Talis* rannsókn á starfi og viðhorfum kennara í grunnskólum en mikið hefur verið fjallað um niðurstöður hennar undanfarna

mánuði. Lokaniðurstaðna er að vænta í byrjun sumars. Úttektir OECD sem birtast reglulega í ritinu *Education at a Glance* eru sömuleiðis skoðaðar.

Pennan þátt í starfsemi KÍ þyrfti að efla svo miðla mætti með greiðari hætti menntastefnu nágrannaþjóða og afurðum hennar til félagsmanna og nýta auk þess í stefnumótun samtakanna og samvinnu við aðra innanlands.

LOKAORD

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs telur reynslu af fundum skólamálaráðs í vetur lofa góðu og hyggur á framhald slíkrar starfsemi. Sömuleiðis bindur hún vonir við fast samstarf við HÍ/Menntavísindasvið og er áhugasöm um að efla einnig samstarf við aðra háskóla. Framkvæmdastjórnin telur mikilvægt að fylgja fast eftir lögum um nýja kennaramenntun og leggur áherslu á endurnýjun þess þáttar námsins er snýr að kennarafræðum, að nægt framboð á sérhæfingu og fjölbreytni í kennaranámi ásamt aukningu vettvangsnáms verði höfuðatriði í útfærslu háskóla. Framkvæmdastjórnin leggur einnig áherslu á að haldið verði áfram vinnu við heildstæða stefnumótun um símenntun félagsmanna KÍ og að hún verði ekki afgangsstærð í efnahagsþrengingunum. Loks er undirstrikuð þörfin á því að kennarar og samtök þeirra standi vörð um lög og reglur í skólastarfi landsins og staðið verði við fyrirheit um að setja menntun í forgang.

Reykjavík í mars 2010,

Elna Katrín Jónsdóttir,

varaformaður KÍ og formaður skólamálaráðs KÍ.

FRÁ ÞINGKJÖRNUM NEFNDUM OG RÁÐUM

ORLOFSSJÓÐUR KÍ

Stjórn og starfsmenn

Orlofssjóður

Vorið 2009 urðu þær breytingar á stjórn Orlofssjóðs að Valgeir Gestsson, formaður og Inga Lindal Finnbogadóttir sögðu sig úr stjórninni. Í reglum Orlofssjóðs sem samþykktar eru á þingi KÍ segir m.a.: „Ef formaður lætur af störfum á kjörtímabilinu skipar stjórn KÍ nýjan formann“. Stjórn KÍ skipaði Jón Inga Einarsson, formann stjórnar Orlofssjóðs í stað Valgeirs Gestssonar, þá tók Sigurður Halldór Jesson, varamaður sæti Ingu Lindal í stjórninni.

Stjórn Orlofssjóðs er þannig skipuð:

Aðalmenn:

Jón Ingi Einarsson, formaður
 Gunnlaugur Ástgeirsson, varaformaður
 Guðmundur Björgvin Gylfason, ritari
 Ásdís Ólafsdóttir
 Elís Þór Sigurðsson
 Sigurður Halldór Jesson
 Reynir Daníel Gunnarsson

Varamenn:

Anna Jóna Guðmundsdóttir
 Eiríka Ólafsdóttir

Starfsmenn Orlofssjóðs:

Hanna Dóra Þórisdóttir, framkvæmdarstjóri	(starfshlutfall	100%)
Ragnheiður Ármannsdóttir, starfsmaður á skrifstofu	(starfshlutfall	50%)
Sigrún Halla Runólfsdóttir, umsjónarmaður á Sóleyjargötu	(starfshlutfall	100%)
Ólafur Ómar Hlöðversson, umsjónarmaður á Flúðum	(starfshlutfall	100%)
Sólveig Hallgrímsdóttir, starfsmaður á Flúðum	(starfshlutfall	100%)
Karen Grétarsdóttir, umsjónarmaður í Kjarnabyggð	(starfshlutfall	30%)

Helstu verkefni stjórnar Orlofssjóðs 2008-2011

- Haldið verði áfram að endurnýja orlofshús í Ásabyggð, tvö – fjögur hús á kjörtímabilinu.
- Keypt verði orlofshús ef góð tækifæri bjóðast á kjörtímabilinu.
- Boðið verði upp á orlofshús og íbúðir viðs vegar um landið og erlendis til endurleigu fyrir félagsmenn.
- Haldið verði áfram að greiða niður gistingu á hótelum, gistiheimilum og tjaldstæðum með afsláttarmiðum.
- Áfram verði aukið við fjölbreytni orlofstilboða bæði innanlands og utan, til dæmis með fjölbreyttum samningum við ferðaþjónustuaðila.
- Ávallt skal leitast við að gæta hagsýni í rekstri Orlofssjóðs, t.d. með því að leita tilboða í stærri verkefni. Jafnframt skal skoðuð hagkvæmni þess að fjölga stöðugildum eða samnýta starfsmenn á skrifstofu KÍ.
- Haldið verði áfram með kynningu á orlofsmálum meðal félagsmanna, svo sem á haustþingum, með samskiptum við trúnaðarmenn og á fundum svæðafélaga.
- Kynning á orlofsmálum meðal félagsmanna verður með eftirfarandi hætti:
 - með samskiptum við trúnaðarmenn
 - á fundum svæðafélaga

- með kynningarefni á tölvutæku formi
- í ferðablaði Orlofssjóðs

Verklagsreglur Orlofssjóðs

Stjórn Orlofssjóðs ákvað að endurskoða reglur sjóðsins um leigu orlofshúsnæðis og aðra þjónustu sem stendur sjóðsfélögum til boða. Niðurstaðan varð að reglurnar voru endursamdar og voru þær síðan samþykktar í stjórn Orlofssjóðs í janúarbyrjun og staðfestar af stjórn KÍ á fundi 15. janúar 2010.

Skipulagsbreytingar

Viðræður hófust í byrjun hausts á milli stjórnar Orlofssjóðs og stjórnar KÍ um gerð þjónustusamnings. Í desember lágu fyrir fullmótaðar hugmyndir um hvað ætti að felast í slíkum samningi. Ákveðið var að aðlaga starfsemina að þeim hugmyndum og ganga formlega frá samningi þegar betur sést hvernig málið þróast. Verkefni koma til með að færast frá stjórninni yfir til þjónustusviðs KÍ.

Verkefni stjórnar eftir gerð þjónustusamningsins verða:

- Stefnumótun
- Gerð fjárhagsáætlunar
- Fjárhagslegt eftirlit
- Eftirlit með að þjónusta til félagsmanna sé eftir settum reglum

KÍ mun annast alla umsýslu fyrir sjóðinn utan þeirra verka sem leiða af fyrrnefndum verkefnum stjórnar.

Eignir Orlofssjóðs KÍ eru:

Ásabyggð, þrettán orlofshús voru byggð 1986-1989

Endurnýjun orlofshúsa í Ásabyggð er hafin. Árið 2007 voru tvö hús endurnýjuð og 2009 var lokið við að endurnýja eitt hús. Nýju húsin eru á steiptum grunni og eru 75m² í stað 53m² sem gömlu húsin eru. Mjög góð nýting er yfir sumartímann og um helgar yfir veturinn.

Heiðarbyggð, þrettán orlofshús

Árið 2002 voru sex 87m² hús tekin í notkun. Ákveðið var 2005 að byggja sex 97m² hús til viðbótar þar sem mikil ánægja var með nýju húsin. Seinni hluta ársins 2008 voru þrjú þeirra tekin í notkun og seinni þrjú í febrúar 2009. Vorið 2008 var keypt orlofshús af SKB í Heiðarbyggð. Það er 67 m² með 29 m² gestahúsi, gisting er fyrir níu manns. Við húsið er 70m² stór pallur með heitum potti ásamt stórum og góðum leikvelli. Húsið fellur mjög vel að öðrum eignum Orlofssjóðs í Heiðarbyggð. Mjög góð nýting er jafnt sumar sem vetur í Heiðarbyggð.

Fundasalur í Heiðarbyggð

Fundasalur er á neðri hæð eins hússins í Heiðarbyggð. Framkvæmdum við innréttingu hans er ekki lokið en stefnt er að því að ljúka þeim um miðbik þessa árs.

Kjarnaskógur, fjögur orlofshús

Orlofssjóður á fjögur hús í Kjarnaskógi. Þau eru tvenns konar, annars vegar eldri húsin sem eru númer 4 og 12 og eru 55m² með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir sex. Og svo nýrri húsin sem eru númer 5 og 7 og eru 70m² með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir átta. Í Kjarnaskógi er besta nýtingin á bústöðum Orlofssjóðsins.

Sóleyjargata 33, fjórar íbúðir og fimm herbergi

Mikil eftirspurn hefur verið eftir leigu á Sóleyjargötunni. Góð nýting hefur verið á húsinu, eða ríflega 90% alla daga ársins 2009 og ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Sóleyjargata 25, sex íbúðir

Í orlofshúsinu eru sex íbúðir frá 34-63m². Góð nýting hefur verið á húsinu, yfir 90% alla daga ársins 2009 og ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Önnur leiga**Sumarleiga / endurleiguhús**

Sumarið 2010 verða álika mörg orlofshús / leigueiningar í boði og sumarið 2009 víðs vegar um landið. Leigunni er skipt í vikuleigu sem er nú í punktastýrðri úthlutun og flakkaraleigu sem hefst í maíbyrjun. Á síðastliðnu ári var yfir 90% nýting á húsum í vikuleigu og um 96% nýting á flakkarahúsum alla sumardaga. Á síðasta ári var veruleg aukning á innlendum orlofstilboðum og er áætlað að halda í horfinu í ár.

Á hverju ári hefur Orlofssjóður gefið út ferðablað þar sem kynnt eru öll þau tilboð sem eru í gangi hverju sinni. Þá eru einnig öll ferðatilboð Orlofssjóðs kynnt jafnóðum á heimasíðu sjóðsins.

Hótelmiðar

Orlofssjóður býður félagsmönnum afsláttarmiða hjá Hótel Eddu, Foss hótelum og fleiri hótelum. Orlofssjóður niðurgreiðir þessa gistingu.

Íbúð í Kaupmannahöfn

Orlofssjóður hefur undanfarin ár leigt íbúð í Kaupmannahöfn. Hún er á Flensborggade 39 á Vesturbrú í Kaupmannahöfn. Í íbúðinni eru tvö mjög rúmgóð svefnherbergi og stór stofa. Mikil ánægja er með íbúðina og góð nýting á henni yfir sumarið. Íbúðin er í punktastýrðri úthlutun. Íbúðin verður leigð til 1. sept. nk. en vegna hárrar leigu og ekki nægrar nýtingar yfir vetrartímamann verður málið endurskoðað áður en sumartímabili lýkur.

Orlofsvefurinn

Á orlofsvefnum geta félagsmenn pantað og skoðað punktastöðu sína. Bókunum á vefnum hefur fjölgað verulega og fara þar nú fram flestar bókanir.

Önnur verkefni

Orlofsjóður gerir samninga við fjölda ferðapjónustuaðila í sumar. Verður m.a. boðið upp á nokkrar gönguferðir sem eru niðurgreiddar, þá verður auk þess boðið upp á veiðikort, útilegukort og afsláttarmiða fyrir tjaldvagna. Einnig verða boðnir afsláttarmiðar í flugferðir á áfangastaði bæði hjá Iceland Express og Icelandair.

SJÚKRASJÓÐUR KÍ

Skýrsla um starfsemi Sjúkrasjóðs KÍ tímabilið febrúar 2009 til febrúar 2010

Sjúkrasjóður

Sjúkrasjóður KÍ var stofnaður á stofnþingi KÍ 1999 og honum markaður tekjustofn með samningum KÍ við ríki og sveitarfélög í nóvember 2000. Vinnuveitendur hafa greitt í sjóðinn frá ársbyrjun 2001 en úthlutanir hófust 1. nóvember 2001. Úthlutað er í hverjum mánuði.

Tilgangur sjóðsins er:

- Að veita félagsmönnum í Kennarasambands Íslands fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa og dauðsfalla, einnig vegna örorku.
- Að styðja félagsmenn vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma.
- Að styðja félagsmenn í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.

Stjórn og starfsmenn

Á þingi KÍ 2008 var Kristín Stefánsdóttir (FT) kjörin formaður Sjúkrasjóðs og eftirtaldir kjörnir í stjórn sjóðsins: Eyþór Benediktsson (SÍ), Heiða Björk Rúnarsdóttir (FL), Margrét Guðbrandsdóttir (FG), og Toby Sigrún Herman (FF). Varafulltrúar voru kjörnir: Árdís Jónsdóttir, (FG), Elísabet Siemsen (FS), Ingibergur Eliasson (FF), Kristín Jónsdóttir (FG), og Soffía Þorsteinsdóttir (FL).

María Norðdahl og Sigrún Harðardóttir, fulltrúar sjóða KÍ, sinna sem áður verkefnum Sjúkrasjóðs, sem og Ásta S. Eiríksdóttir, gjaldkeri sjóða KÍ.

Fundir í stjórn Sjúkrasjóðs eru haldnir í lok hvers mánaðar og eru þá teknar til afgreiðslu umsóknir um sjúkradagpeninga og umsóknir skv. 6. gr. úthlutunarreglna ásamt öðrum

umsóknum sem nauðsynlegt er að stjórn fjalli um. Enn fremur staðfestir stjórnin afgreiðslu starfsmanna á umsóknum sem falla að reglum sjóðsins.

Tekjur, úthlutanir og ný verkefni

Undanfarin ár hafa árlegar úthlutanir úr Sjúkrasjóði verið umfram tekjur og því óhjákvæmilegt að bregðast itrekað við því með þrengingu úthlutunarreglna, síðast um áramótin 2008–2009 þegar felldir voru niður styrkir vegna tannlæknakostnaðar. Þessar ráðstafanir, ásamt auknum tekjum sjóðsins, höfðu tilætluð áhrif og náðust endar saman á árinu 2009. Í október 2009 var unnt að hækka sjúkradagpeninga sem þá höfðu verið óbreyttir frá desember 2005 og voru því orðnir mun lægri en í sambærilegum styrktar- og sjúkrasjóðum annarra stéttarféлага. Eru sjúkradagpeningar nú tæpar 200.000 krónur á mánuði miðað við fullt starf. Stjórn Sjúkrasjóðs fylgist mjög nákvæmlega með fjárhag sjóðsins og hversu vel tekju- og útgjaldaáætlanir standast. Í árslok 2009 var ljóst að óhætt væri að auka nokkuð útgjöld sjóðsins á þessu ári.

Fæðingarstyrkir

Í ársbyrjun 2009 tók Sjúkrasjóður KÍ við því hlutverki Fjölskyldu- og styrktarsjóðs að greiða fæðingarstyrki til félagsmanna. Lögð var áhersla á einfaldar reglur um styrkina og afgreiðslu þeirra. Styrkupp hæð er 200.000 krónur miðað við fullt starf tólf mánuði fyrir fæðingu barns eða samkvæmt meðalstarfshlutfalli þann tíma. Skilyrði er að sjóðfélagi/félagsmaður fari með forsjá barnsins og taki að lágmarki 3ja mánaða fæðingarorlof. Vegna fjölbura-fæðinga er frá ársbyrjun 2010 greidd sama styrkupp hæð, þ.e. 200.000 krónur, fyrir hvert barn umfram eitt. Um ættleiðingar gilda sömu reglur. Séu báðir foreldrar félagsmenn geta báðir sótt um fæðingarstyrk.

Starfsendurhæfingarsjóður

Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var upphaflega stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í maí 2008. Í janúar 2009 var síðan undirrituð ný stofnskrá sjóðsins með aðkomu stéttarféлага og atvinnurekenda á opinberum vinnumarkaði. Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, Það er m.a. gert með því að auka virkni og efla endurhæfingu ásamt öðrum úrræðum.

Síðla árs 2009 var Margrét Gunnarsdóttir ráðinn ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar til að sinna félagsmönnum Kennarasambandsins, Bandalags háskólamanna og Samtaka fjármálafyrirtækja. Verkefni ráðgjafa er að hitta félagsmenn sem vegna veikinda eða slysa eru frá vinnu eða eiga það á hættu. Ráðgjöfin tekur mið af aðstæðum hvers og eins, með það markmið að viðkomandi einstaklingur nái sem mestri færni og geti snúið til starfa á ný. Lögð er áhersla á jákvæða nálgun og gott samstarf.

Í vetur hefur þessi þjónusta verið kynnt fyrir félagsmönnum og trúnaðarmönnum. Ákveðið var að ráðgjafi hefði samband við þá sem þiggja sjúkradagpeninga og á endurbættu umsóknareyðublaði undirrita umsækjendur heimild til þess. Virðist þetta verkefni fara vel af stað.

Úthlutunarreglur og eyðublöð

Eyðublöð vegna styrkumsókna eru þrenns konar: Umsókn um sjúkradagpeninga, umsókn um styrk úr Sjúkrasjóði KÍ og umsókn um dánarbætur. Auk þess eru sérstök umsóknareyðublöð vegna fæðingarstyrkja. Enn fremur hefur stjórn útbúið sérstakt fylgiblað með umsóknum um sjúkradagpeninga sem launagreiðendur útfylla. Með því móti minnkar hættan á því að upplýsingar launagreiðenda séu ófullnægjandi en slíkt veldur töfum á afgreiðslu umsókna. Eyðublöðin eru á vefsíðu KÍ, auk þess sem þau má nálgast á skrifstofu KÍ og hjá trúnaðarmönnum.

Í samræmi við reglur Sjúkrasjóðs KÍ hafa breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins verið kynntar í Skólavörðunni, birtar á vef Kennarasambandsins, auk þess sem trúnaðarmenn KÍ eru upplýstir sérstaklega um þær. Starfsemi og úthlutunarreglur sjóðsins hafa verið kynntar innan aðildarfélaga KÍ þegar þess hefur verið óskað, m.a. á trúnaðarmannanámskeiðum.

Nýjar úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs tóku gildi 1. janúar síðastliðinn. Helstu breytingar eru að meðferðarstyrkir eru hækkaðir en skiptum fækkað, styrkir vegna gleraugnakaupa eru einfaldaðir og taka ekki lengur eingöngu til sjónglerja, styrkir vegna laseraðgerða á augum hafa verið hækkaðir og einnig fæðingarstyrkir vegna fjölbura fæðinga.

Lokaorð

Eins og fram hefur komið hefur stjórn Sjúkrasjóðs unnið að því að einfalda reglur og afgreiðslu styrkbeiðna. Stærstu útgjaldaliðir sjóðsins eru fæðingarstyrkir, meðferðarstyrkir og greiðslur sjúkradagpeninga en meðferðarstyrkirnir nýtast jafnframt flestum sjóðfélögum. Það er metnaður sjóðsstjórnar að sjúkradagpeningar og aðrar greiðslur Sjúkrasjóðs séu ekki lakari en gerist og gengur hjá sambærilegum sjúkrasjóðum annarra stéttarfélaga. Ætíð verður þó að gæta að því að útgjöld sjóðsins taki mið af fjárhag hverju sinni og ekki verði eytt umfram efni.

*F.h. stjórnar Sjúkrasjóðs KÍ,
Kristín Stefánsdóttir formaður.*

VINNUDEILUSJÓÐUR KÍ

Skýrsla stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ tímabilið mars 2009 til febrúar 2010

Lögð fram á ársfundi KÍ 16. apríl 2010.

Vinnudeilusjóður

Stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ (kosin á 4. þingi KÍ 2008)

Formaður er Guðni Sig. Óskarsson og meðstjórnendur þau Brynja D. Matthíasdóttir, Elín Mjöll Jónasdóttir, Guðjón S. Þorláksson og Ingibergur Eliasson. Í varastjórn eru: Björgvin R. Leifsson, Guðrún Á. Guðmundsdóttir, Kristín Kolbeinsdóttir, Sturla D. Þorsteinsson og Særún Ármannsdóttir.

Starfsmaður Vinnudeilusjóðs er Valgeir Gestsson og miðast starf hans við 30 klst. vinnu á mánuði að jafnaði.

Stjórnarfundir

Stjórnin hélt níu fundi á tímabilinu. Á fundi þann 11. febrúar 2010 var samþykkt að fundargerðir stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ verði framvegis aðgengilegar á heimasíðu KÍ.

Greitt vegna KÍ og aðildarfélaga

Atkvæðagreiðslur

Ekki kom til verkfalla á tímabilinu en Vinnudeilusjóður greiddi kostnað við atkvæðagreiðslur samkvæmt reglum sjóðsins um endurgreiðslu kostnaðar vegna vinnudeilna. FF, Félag framhaldsskólakennara, og FL, Félag leikskólakennara, greiddu atkvæði um kjarasamninga og var kostnaðurinn um 1 milljón kr.

Hlutdeild í lögfræðikostnaði KÍ

Eins og undanfarin ár tók Vinnudeilusjóður þátt í lögfræðikostnaði KÍ með eftirfarandi samþykkt á stjórnarfundum 8. desember 2009:

„Stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ samþykkir að greiða kr. 3.000.000 upp í lögfræðikostnað KÍ og aðildarfélaganna fyrir árið 2009“.

Greiðslur til KÍ og aðildarfélaga falla niður

Á stjórnarfundum 29. september 2009 var samþykkt að mælast til þess við stjórn KÍ að innheimtu gjalds í Vinnudeilusjóð verði frestað. Jafnframt var eftirfarandi samþykkt:

„Stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ samþykkir, að á þeim tíma sem gjaldtaka í Vinnudeilusjóð KÍ fellur niður, muni Vinnudeilusjóður ekki taka þátt í lögfræðikostnaði KÍ eða greiðslu kostnaðar aðildarfélaganna við gerð kjarasamninga“.

Fjármál

Ársreikningur 2009 verður lagður fram á ársfundi KÍ 16. apríl 2010.

Ársreikningur sjóðsins fyrir 2008 var tilbúinn til endurskoðunar í febrúar 2009 en kom ekki frá löggiltum endurskoðanda fyrr en í september og var undirritaður á fundi stjórnar Vinnudeilusjóðs 22. september. Samþykkt var að afskrifa á árinu 2008 verðbréfabröfur að upphæð kr. 65.400.000. Þessar kröfur voru skuldabréf á Sparisjóðabanka Íslands um kr. 53.900.000, FL Group um kr. 6.400.000 og krafa á Landic Property kr. 5.100.000. Stjórnin fékk Guðna Á. Haraldsson lögmann til að fara með kröfu Vinnudeilusjóðs fyrir skilaneftnd Sparisjóðabankans. Ekkert fékkst upp í kröfuna. Þá var lögmanninum falið að kanna lögsókn á hendur BYR-verðbréfum, áður VSP, Verðbréfabjónustu sparisjóðanna, vegna kaupa á skuldabréfi sem varð verðlaust. Í ljós kom að VSP varð gjaldþrota í maí 2008 og tóku BYR-verðbréf við viðskiptavinum VSP án ábyrgðar á gerðum VSP. Þar með var ljóst að enginn grundvöllur var til bótakröfu á hendur BYR-verðbréfum.

Frestun á innheimtu gjalds í Vinnudeilusjóð var rædd óformlega á stjórnarfundum frá ársbyrjun 2009. Á fundi stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ 29. september 2009 var eftirfarandi tillaga lögð fram og samþykkt einhljóða:

„Með hliðsjón af ástandi efnahagsmála, m.a. lækkandi kaupmætti launa, telur stjórn Vinnudeilusjóðs rétt að félagsmenn njóti góðrar stöðu sjóðsins með lægri félagsgjöldum. Þeim tilmælum er því beint til stjórnar Kennarasambands Íslands að innheimtu 0,45% gjalds til Vinnudeilusjóðs verði frestað fyrst um sinn og lækki félagsgjöld a.m.k. er því nemur. Ákvörðunin gildi til næsta þings KÍ árið 2011. Komi til vinnustöðvunar hjá aðildarfélagi KÍ á tímabilinu skuli stjórnir KÍ og Vinnudeilusjóðs ákveða hvort 0,45% gjald skuli innheimt að nýju.“

Tillagan var síðan samþykkt af stjórn KÍ 16. október. Stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ leggur áherslu á mjög góða eignastöðu sjóðsins. Þrátt fyrir að innheimtu félagsgjalda í Vinnudeilusjóð hafi verið frestað getur sjóðurinn gegnt mikilvægu hlutverki í kjarabaráttu félagsmanna KÍ hvenær sem er. Þá skal ítrekað að frestun innborgana er tímabundin og komi til vinnustöðvunar og útborgana úr Vinnudeilusjóði má innheimta félagsgjöld í sjóðinn að nýju.

Ávöxtun sjóðsins og fjárfestingastefna kom oft til umræðu á stjórnarfundum. Ákveðið var að innlánsreikningar sjóðsins verði í BYR-sparisjóði enda fáist þar álag á skráða vexti. Á stjórnarfundum 16. mars var samþykkt að verja iðgjaldatekjum 2009 til kaupa á ríkisskuldabréfum. Var ákveðið að fela eignastýringadeild Landsbankans þá fjársýslu. Á stjórnarfundum 22. september var eftirfarandi breyting gerð á fjárfestingastefnunni:

„Kjör á skuldabréfum og víxlum ríkissjóðs eru mjög misjöfn um þessar mundir. Stjórn samþykkir því að tekjur sjóðsins af félagsgjöldum skuli, þar til annað verður ákveðið, leggja á innlánsreikninga, á bestu fáanlegum kjörum, án bindingar til lengri tíma en næstu áramóta.“

Viðskiptabankar Vinnudeilusjóðs eru fyrst og fremst BYR-sparisjóður og Landsbankinn-eignastýring. Lítið eitt af verðbréfum er enn í vörslu BYR-verðbréfa og Íslenskra verðbréfa sem tóku við verðbréfasafni Vinnudeilusjóðs frá SPRON-verðbréfum við fall SPRON.

Í febrúar 2010,

Guðni Sig. Óskarsson, formaður Vinnudeilusjóðs KÍ.

ÝMSAR NEFNDIR

VINNUMHVERFISNEFND KÍ

Skýrsla stjórnar vinnuumhverfisnefndar KÍ tímabilið mars 2009 til febrúar 2010

Vinnuumhverfisnefnd

Fulltrúar í nefndinni eru: Sesselja G. Sigurðardóttir, formaður (FG), Anna Guðmundsdóttir (SÍ), Ásdís Ingólfssdóttir (FF), Petrea Óskarsdóttir (FT) og Valgerður Anna Þórisdóttir (FL).

Starfsmaður nefndarinnar er Hafdís Dögg Guðmundsdóttir. Starfsmaðurinn var í fæðingarorlofi frá mars og fram á haust en var í um það bil 25% starfshlutfalli í september til desember. Frá og með 1. janúar 2010 er starfsmaður í 40% starfi fyrir VUN.

Unnið er samkvæmt starfsáætlun nefndarinnar 2008-2011 og stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum.

Upplýsingar sem berast nefndinni um það er snýr að vinnuumhverfi hafa jafnóðum verið sendar út til trúnaðarmanna, skólastjórnenda og allra félagsmanna þegar það á við. Þar getur verið um að ræða tilkynningar um ráðstefnur, fundi og annað slíkt sem haldið er á vegum Vinnueftirlitsins, Lýðheilsustöðvar og fleiri aðila sem nefndin telur eiga erindi til félagsmanna. Jafnframt er efni sett inn á svæði nefndarinnar um vinnuumhverfismál á heimasíðu KÍ.

Vinna samkvæmt þemahugmyndinni gengur vel. Þema vorannar 2009 var líðan og samskipti á vinnustað og fyrsta vinnuumhverfisbólan, sem fjallaði um handleiðslu, var sett á heimasíðuna í febrúar 2009. Þema haustannar var heilsuefling og þema vorannar 2010 er „vinnuumhverfið – hljóð, rödd, loft og lýsing“. Bólurnar eru orðnar níu talsins og eru þær allar aðgengilegar á heimasíðu KÍ. Þemanu er einnig fylgt eftir með umfjöllun í Skólavörðunni. Þema haustsins 2010 mun svo snúast um varnir og viðbrögð gegn einelti og áreiti.

Í lok nóvember var gerð könnun meðal félagsmanna þar sem spurt var hvað þeir gera saman á sínum vinnustað til að lyfta starfsandanum. Þar kom margt athyglisvert í ljós og könnunin hefur verið birt á heimasíðunni og gerð skil í Skólavörðunni.

Hugmyndum nefndarinnar sem miða að því að veita félagsmönnum, og þá sérstaklega trúnaðarmönnum og stjórnendum, aukna fræðslu og stuðning var komið á framfæri í bréfi til stjórnar KÍ. Í framhaldi af því tók starfsmaður þátt í undirbúningi trúnaðarmannafunda KÍ þar sem m.a. var fjallað um starfsumhverfið. Í bréfi til stjórnar var líka reifuð sú hugmynd að koma á einhvers konar handleiðslu og er það mál í vinnslu.

Í samvinnu við lögfræðing KÍ er nefndin að ganga frá leiðbeiningum um ferli eineltismála og um ferli vegna ofbeldis nemenda gegn kennara. Einnig hefur verið prentaður bæklingur fyrir stjórnendur um einelti á vinnustað. Þessu efni verður dreift til allra trúnaðarmanna og stjórnenda í KÍ.

Hafin er samvinna nefndarinnar við siðaráð og jafnréttisnefnd með það í huga að stilla saman strengi varðandi fræðslu og upplýsingar til félagsmanna.

Formaður og/eða starfsmaður nefndarinnar hafa sótt ýmis námskeið og fræðslufundi tengda málaflokknum. Formaður sótti m.a. ráðstefnu ETUCE í Brussel í febrúar 2009 sem bar yfirskriftina „Work-related Stress and Risk Assessment“.

Framundan er einnig þátttaka í samstarfi Norðurlandanna í vinnuumhverfismálum og hefur verið boðað til fundar í Kaupmannahöfn í byrjun júní 2010. Áætlað er að formaður og starfsmaður sækji þann fund.

JAFNRÉTTISNEFND KÍ

Skýrsla stjórnar jafnréttisnefndar KÍ tímabilið 1. janúar til 31. desember 2010

Fulltrúar í nefndinni voru:

Björk Óttarsdóttir, formaður, Helmut Hinrichsen, ritari, Hrönn Ríkharðsdóttir, Hulda Egilsdóttir og Kristín Helgadóttir.

Jafnréttisnefnd

Nefndin fundaði samtals fjórum sinnum á tímabilinu. Á þeim fundum vann nefndin tillögu að nýrri jafnréttisstefnu fyrir KÍ. Í júní lagði nefndin fram tillöguna til stjórnar KÍ sem tók hana til umræðu á fundi sínum þann 18. september, nokkrar athugasemdir voru gerðar við stefnuna á fundi stjórnar og mun nefndin vinna úr þeim. Björk Óttarsdóttir fór sem fulltrúi KÍ á jafnréttisráðstefnu í Róm 29.-30. október.

Helmut Hinrichsen sagði af sér setu í nefndinni í september þar sem hann fluttist tímabundið af landi brott og var Hanna María Kristjánsdóttir tilnefnd í hans stað. Hrönn

Ríkharrðsdóttir sagði af sér setu í nefndinni í nóvember og var Jón Páll Haraldsson tilnefndur í hennar stað. Nefndin fundaði ekkert á haustönn vegna mikilla anna formanns í öðrum nefndum og ráðum innan KÍ.

Björk Óttarsdóttir.

SIÐARÁÐ KÍ

Skýrsla um störf siðaráðs Kennarasambands Íslands frá því það kom fyrst saman 10. september 2009 til 25. febrúar 2010

Á árinu 2008 samþykkti fjórða þing KÍ að stofna siðaráð um siðareglur kennara og að hlutverk þess skyldu vera að:

Siðaráð

- Auka þekkingu um siðfræði og félagsleg álitamál.
- Koma á og viðhalda umræðum um siðareglur.
- Móta sameiginlegan skilning á siðareglum.
- Vinna með stjórn og ráðum að því að kynna viðhorf stéttarinnar til faglegra álitamála.
- Vinna að endurskoðun og útfærslum á siðareglum kennara.
- Vera stjórn KÍ til ráðuneytis um álitamál sem varða siðareglur sambandsins.

Siðaráð KÍ er skipað þremur fulltrúum. Þeir eru: Atli Harðarson tilnefndur af FF og FS; Jóhannes Þór Skúlason tilnefndur af FG; Linda Ósk Sigurðardóttir tilnefnd af FL. Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ er tengiliður siðaráðs við stjórn KÍ og situr fundi ráðsins.

Siðaráð hefur fundað alls sjö sinnum: 10. september 2009; 30. september 2009; 21. október 2009; 18. nóvember 2009; 16. desember 2009; 21. janúar 2010; 18. febrúar 2010. Fundargerðir má nálgast á heimasíðu KÍ. Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur KÍ sat fundi ráðsins sem haldnir voru í september og nóvember 2009. Sesselja G. Sigurðardóttir formaður vinnuumhverfisnefndar KÍ kom sem gestur á fund ráðsins þann 18. nóvember. Fundurinn 18. febrúar var sameiginlegur fundur siðaráðs, vinnuumhverfisnefndar og jafnréttisnefndar. Á fundi ráðsins þann 21. október var Atli Harðarson kosinn formaður þess. Hann kom á fund stjórnar KÍ þann 15. janúar og kynnti störf siðaráðs.

Á fundum sínum hafa fulltrúar í siðaráði mótað drög að sameiginlegum skilningi á hlutverkum ráðsins og heppilegum viðfangsefnum. Þeir eru sammála um að leggja fyrst um sinn mesta áherslu á að hefja og viðhalda umræðum um siðareglur (sbr. lið b hér að ofan). Í samráði við ritstjóra Skólavörðunnar hefur siðaráð fengið hóp manna sem kunnir eru af skynsamlegri umfjöllun um menntamál til að skrifa pistla um siðareglur kennara. Pistlarnir

munu birtast í Skólavörðunni á þessu ári. Formaður siðaráðs kom á trúnaðarmannafund FF þann 29. janúar og kynnti störf ráðsins. Hafin er könnun á kostnaði þess að prenta vegg- og segulspjöld („ísskápasegla“) með áletruðum siðareglum kennara.

Fulltrúar í siðaráði telja að ekki sé nóg að efla umræðu um siðareglur meðal starfandi kennara heldur þurfi einnig að kynna þær kennaranemum. Á fundi ráðsins þann 21. október 2009 var ákveðið að senda forseta Menntavísindasviðs HÍ bréf og óska eftir viðræðum við fulltrúa sviðsins um hlut siðfræði í kennaranáminu. Í bréfinu segir meðal annars:

Setning siðareglna og skipun siðaráðs endurspeglar í senn vitund um vaxandi þörf fyrir upplýsta umræðu um siðferðileg álitamál sem tengjast starfi kennara, vilja til að taka þátt í slíkri umræðu og áhuga á að nýta siðfræði til heilla fyrir skólasamfélagið.

Í markmiðsgreinum laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, sem sett voru á síðasta ári, er kveðið fastar að orði, en gert var í eldri lögum, um hlut skóla í siðferðilegu uppeldi. Þeim er nú beinlínis skylt að efla siðferðisvitund nemenda eða skilning þeirra á skyldum sínum.

Siðaráð KÍ telur mikilvægt að siðfræði sé hluti af menntun allra kennara og að kennsla í henni búi þá undir að þjóna skyldum sem skólar hafa lögum samkvæmt, upplýsi þá um siðferðilegar skyldur sem fylgja kennarastarfinu og þjálfí þá í gagnrýninni og yfirvegaðri umræðu um siðferðileg gildi í skólastarfi.

Ráðið vill gjarna fá fulltrúa frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands á sinn fund til þess að ræða um hver hlutur siðfræði verður í kennaranámi þegar það lengist og verður fimm ár.

Svar við bréfinu hefur ekki borist.

Hafin er samræða við tvær aðrar stofnanir KÍ um samstarf og sameiginleg verkefni. Þessar stofnanir eru vinnuumhverfisnefnd og jafnréttisnefnd. Á sameiginlegum fundi þeirra með siðaráði þann 18. febrúar 2010 kom fram vilji til samstarfs og ýmsar hugmyndir um sameiginleg verkefni. Meðal mögulegra samstarfsverkefna var minnst á eftirfarandi: Að vinna saman gegn einelti á vinnustöðum. Að efla sjálfsvirðingu, stéttarvitund og samstöðu kennara. Að hvetja til hagnýtra rannsókna á ýmsu sem tengist starfsumhverfi kennara. Að standa saman að fundum eða ráðstefnum. Ákveðið hefur verið að formenn siðaráðs, vinnuumhverfisnefndar og jafnréttisnefndar hittist aftur á næstunni og ráði ráðum sínum fyrir ársfund KÍ þann 16. apríl.

Akranesi 25. febrúar 2010,

Atli Harðarson.

ERLENT SAMSTARF

NLS (Nordiske Lærerorganisationernes Samråd)

Norðurlönd

Norræn kennarafélög hafa átt með sér mikið og náið samstarf undanfarin ár á vettvangi NLS. Á deildar- og stjórnarfundum skiptast fulltrúar félaganna á skoðunum um málefni kennara og skólastjóra á Norðurlöndunum. Fulltrúar KÍ í stjórn NLS eru Eiríkur Jónsson, Elna Katrín Jónsdóttir og Björg Bjarnadóttir.

Stjórnarfundir NLS voru haldnir í Finnlandi árið 2009. Fulltrúar aðildarfélaga KÍ í einstökum deildum samtakanna eru Ólafur Loftsson og Þórður Hjaltested í grunnskóladeild, Ingibergur Eliasson og Anna María Gunnarsdóttir í framhaldsskóladeild og Björk Óttarsdóttir og Dagbjört Ásgeirsdóttir í leikskóladeild.

Þær breytingar hafa nú orðið á starfsemi NLS að Lillemor Darinder sem verið hefur framkvæmdastjóri samtakanna í nærri tuttugu ár lét af störfum í febrúar og við tók Anders Rusk frá Finnlandi. Samstarfskona Lillemor, Kaisa R. Nilson, lét af störfum í lok síðasta árs og við tók Maria Häggman. Skrifstofa samtakanna hefur af þessum sökum verið flutt frá Kaupmannahöfn til Helsingfors.

EVROPUSAMSTARF OG ALÞJÓÐASAMBAND KENNARA

Evrópa og alþjóðasamstarf

KÍ á aðild að Alþjóðasambandi kennara (Education International, EI) og að Evrópudeild sambandsins en það starfar að miklu leyti samhliða ETUCE sem KÍ á einnig aðild að. ETUCE er upprunalega samstarfsvettvangur kennarasamtaka í EB/EFTA en tekur nú einnig til annarra Evrópulanda. KÍ fylgist aðallega með starfsemi EI með því að lesa efni sem berst frá sambandinu og með þátttöku í afmörkuðum verkefnum svo sem úttektum og könnunum. Slík viðfangsefni hafa á þessu starfstímabili fjallað um starfskjör og réttindamál, jafnréttismál, menntastefnu og áhrif kreppunnar á menntun. Vinna við þátttöku KÍ í svona könnunum dreifist á ýmsa starfsmenn og svið innan KÍ.

Fulltrúi KÍ/Íslands í stjórn Evrópudeildar (Pan European Committee) er Elna Katrín Jónsdóttir. Fundir stjórnar eru haldnir tvisvar á ári. Aðalfundur Evrópudeildar var haldinn í Varsjá í Póllandi í nóvember sl. og sótti Elna Katrín hann. Eitt stærsta viðfangsefni aðalfundarins var afgreiðsla heildarbreytingatillagna um starfsemi samtakanna í Evrópu með aukna hagræðingu og skilvirkni að leiðarljósi. Ekki tókst að ljúka málinu en unnið verður að því að sætta sjónarmið þannig að ný lög og nýtt skipulag geti orðið að veruleika á næstu árum.

Sjá einnig bls. 14-15 um erlent samstarf.

Niðurlag

NIÐURLAG

Sá tími sem liðið hefur frá síðasta ársfundi KÍ hefur verið viðburðaríkur svo ekki sé meira sagt. Mikil vinna í aðdraganda stöðugleikasáttmála og, ekki síður, eftir að hann var undirritaður hefur einkennt starfsemi í Kennarahúsinu. Sú staðreynd að ekki hefur enn tekist að semja fyrir þá félagsmenn sem starfa hjá sveitarfélögunum hefur enn sem komið er ekki leitt til þess að KÍ segi sig frá sáttmálanum. Þessi staðreynd veldur því aftur á móti að innan KÍ verður að fara fram ítarleg umræða um hvort eðlilegt sé að halda áfram samfloti á vinnumarkaði ef ekki tekst að ná viðunandi niðurstöðu í samningamálunum.

Þegar þetta er skrifað hafa Samtök atvinnulífsins sagt sig frá stöðugleikasáttmálanum en vilja samt vera þátttakendur í starfi sem byggir á honum, sem vekur óneitanlega nokkra furðu. Hvernig sem allt fer er nauðsynlegt að stjórnámálamenn hætti sandkassaleiknum og vindi sér í að leysa Icesave sem er forsenda þess að koma atvinnulífinu í gang. Einungis þannig er von til að atvinnuleysi minnki og þjódartekjur aukist. Þetta tvennt er grunnforsenda þess að skólakerfið og aðrar grunnstöðir samfélagsins verði ekki fyrir enn frekari skakkaföllum vegna niðurskurðar. Skólarnir þola ekki aukinn niðurskurð án þess að illa fari. Samfélagið þolir sömuleiðis ekki frekari sundrung en ábyrgðin á henni liggur hjá Alþingi sem brugðist hefur þjóðinni um langt skeið.

Að lokum vil ég þakka þeim fjölmörgu félagsmönnum sem komið hafa að starfsemi Kennarasambandsins á liðnu ári fyrir mikið og gott starf. Eins vil ég þakka samstarfsaðilum KÍ fyrir samstarfið.

Eiríkur Jónsson.